

2. maí 2005

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 25. apríl 2005 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, 708. mál, verðbréfavíðskipti í minni fyrirtækjum.

Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða nr. 34/1998 til að kveða á um starfsemi markaðstorga fyrir fjármálagerninga. Slíkum mörkuðum, sem ekki eru skipulegir verðbréfamarkaðir í skilningi laga, er ætlað að örva víðskipti með verðbréfi í minni fyrirtækjum. Við gerð frumvarpsins var horft til þess að á næsta ári þarf að innleiða tilskipun 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga sem fjallar m.a. um "multilateral trading facility (MTF)".

Markmið frumvarpsins er að koma á fót vettvangi fyrir víðskipti með verðbréfi í smáum og meðalstórum fyrirtækjum og einnig svonefndum sprotafyrirtækjum. Jafnframt má segja að verið sé að undirbúa innleiðingu ofangreindrar tilskipunar en ekki liggur endanlega fyrir hvernig hún verður innleidd. Í frumvarpinu eru markaðstorgum veitt lagaleg staða við hlið skipulegra verðbréfamarkaða og stjórnnum þeirra veittar heimildir til setningar reglna og nánari útfærslu. Mikilvægt öryggisatriði er að Fjármálaeftirlitið veitir starfsleyfi, getur afturkallað það og hefur eftirlit með starfseminni með sama hætti og það hefur nú með skipulegum verðbréfamörkuðum.

Seðlabanki Íslands lýsir yfir skilningi á þeim markmiðum sem fram koma í greinargerð frumvarpsins, telur að frumvarpið renni frekari stöðum undir virkni og öryggi verðbréfamarkaðar og styður samþykki þess.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri

Tryggvi Pálsson  
framkvæmdastjóri